

Umsögn

Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur

3. desember 2004

Umhverfisstofnun
Reykjavík

Álit ráðgjafanefndarinnar varðandi umsókn Agrigenetics, Inc.d/b/a Mycogen Seeds c/o DowAgroSciences LLC, nr C/NL/04/01, fyrir þaðmullarlínuna 281-24-236/3006-210-23 og afkvæma hennar, skv. C-hluta tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2001/18.

Um er að ræða umsókn um leyfi til markaðssetningar á fræjum erfðabreyttrar þaðmullar (*Gossypium hirsutum*) í Evrópusambandinu til innflutnings og iðnaðarnota, en ekki til ræktunar. Sérstök umsókn verður send seinna um not þessa blendings til fæðunotkunar og sem fódurs í samræmi við tilskipun 1829/2003.

Umsóknin var send hollenskum yfirvöldum, sem mæltu með því 1. sept. s.l. að markaðssetning yrði leyfð á þessari þaðmullarlínu og afurðum hennar með nokkrum skilyrðum. Þau voru m.a. að leyfið yrði veitt til 10 ára, fyrirtækið myndi ábyrgjast að upplýsingar um vöruna yrðu gefnar öllum þeim aðilum sem meðhöndla hana, PCR aðferðin sem notuð er til að rekja erfðabreyttu þaðmullina yrði gefin út, og að vöktun fari fram samkvæmt þeirri eftirlitsáætlun sem gefin er upp í umsókninni og skilað yrði um hana skýrslu árlega.

Þaðmullarlínan 281-24-236/3006-210-23 er blendingur tveggja erfðabreyttra lína, 281-24-236 og 3006-210-23. Línunni 281-24-236 hafði verið umbreytt þannig að hún fékk í sig plasmíð pAGM281 sem innihélt erfðavísana cry1F og pat og tilheyrandi stjórnaðir. Línunni 3006-210-23 hafði verið umbreytt með plasmíð pMYC3006, sem innihélt erfðavísana cry1AC og pat og tilheyrandi stjórnaðir. Blendingurinn tjáir próteinin Cry 1F og Cry 1Ac, sem leiðir til myndunar á efni sem er eitrad fyrir fiðrildalirfur af ættkvíslinni *Lepioptera*, og PAT prótein sem leiðir til þols gagnvart illgresiseyðinum Roundup (glufosinate-ammonium).

Umsóknin inniheldur upplýsingar um þær breytingar sem hafa verði gerðar á plöntunni, tjáð gen, stjórnanarraðir og upprunalífverur svo og það kerfi sem notað var til umbreytingar, komið frá *Agrobacterium tumefaciens*.

Svipgerð línunnar 281-24-236/3006-210-23 er sú sama og villigerðarinnar að öllu leyti nema því að hún framleiðir áðurnefnd prótein. Þessi prótein hafa ekki sýnt virkni gagnvart spendýrum, hvorki sem eitur né ofnæmisvaldar.

Hvorki bómullarplantan né skyldar plöntur vaxa við það hitastig sem er í íslensku umhverfi. Hugsanleg áhrif erfðabreyttu plöntunnar á íslenskt umhverfi eru því lítil sem

engin. Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur sér því ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við umsóknina.

Þessi umsögn var lögð fyrir nefndarmenn rafrænt 2. desember 2004, og óskað svars 3. desember. Umsögnin hlaut samþykki 8 nefndarmanna, en tveir nefndarmenn svöruðu ekki.

Eva Benediktsdóttir
formaður